

## 7. gr.

17

Samþykkt um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, 17. febr. fyrir Rosmhvalanesshrepp, Njarðvíkurhrepp, Vatnsleysustrandarhrepp, Garðahrepp, Bessastaðahrepp, Seltjarnarnesshrepp, og Reykjavíkurbæ, dagsett 8. desember 1890, sem og samþykkt um breytingu á henni, dagsett 29. marz 1892, falla úr gildi, þá er samþykkt þessi nær gildi.

\* \* \*

Samþykkt þessi, sem almennur hjeraðsfundur hefir fallizt á samkvæmt 4. gr. fyrnefndra laga 14. desember 1877, er hjermeð staðfest af undirskrifuðum amtmanni til að öðlast gildi 15. marzm. 1897, og kunngjörist öllum hlutað-eigendum til eptirbreytni.

Íslands Suðuramt, Reykjavík 17. dag febrúarm. 1897.

*J. Havsteen.*

## Fiskiveiðasamþykkt.

18

17. febr.

Sýslunefndin í Gullbringu- og Kjósarsýslu hefir með lögákveðinni hlutdeild bæjarstjórnarinnar í Reykjavík samkvæmt lögum 14. des. 1877, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og lögum 4. des. 1886, um breyting á fyrnefndum lögum, gjört eptirfylgjandi

### samþykkt

um notkun fiskilóðar í sunnanverðum Faxaflóa.

## 1. gr.

Í þeim hreppum og bæjarfjelagi, sem samþykkt þessi nær yfir, sem er Rosmhvalanesshreppur, Njarðvíkurhreppur, Vatnsleysustrandarhreppur, Garðahreppur, Bessastaðahreppur, Seltjarnarnesshreppur og Reykjavíkurbær, má enginn leggja fiskilóð í sjó á tímabilinu frá 1. janúar til 1. maí ár hvert, hvort sem fiskimenn eiga heima í sveitum þessum eða íóa þaðan styttri eða lengri tíma.

## 2. gr.

Nú verður fiskimaður brotlegur móti 1. gr.; skulu þá skipaðir tilsjónarmenn upptaka og flytja í land lóðir þær, sem notaðar eru gagnstætt ákvæðum hennar, þótt yfirvald eigi hafi úrskurðað; en tafarlaust skulu þeir tilkynna lög-reglustjóra upptökuna og málavöxtu, og skal hann með úrskurði ákveða, að lóðin skuli höfð í haldi, unz eigandi eða umboðsmaður hans sýnir vottorð lög-reglustjóra um það, að sá, sem veiðarfærin voru upptekin fyrir, sje sýknaður með dómi eða málssókn gegn honum sje niðurfalinn eða að hann hafi greitt sektir þær, sem honum hafa verið gjörðar, eða sett fyrir þeim fullgilda trygging.

## 3. gr.

Afli sá, sem fenginn er með aðferð, sem er á móti 1. gr., skal upptækur vera og andvirði hans rennur að  $\frac{1}{2}$  í fátækra sjóð,  $\frac{1}{4}$  til uppljóstrarmanns og  $\frac{1}{4}$  til þess, sem upptekur. Sá, er brotlegur hefir orðið, greiði þessutan sekt frá 5 til 500 krónur, er skiptist á sama hátt og aflinn.

## 18

17. febr.

4. gr.  
Eigi má leggja fiskilóð í sjó fyr að morgni en svo, að miðaljóst sje orðið, og eigi síðar að kvöldi dags en á sólarlagi.

## 5. gr.

Merkt skal sjerhver fiskilóð glöggu marki eiganda, og sje markið fest á ásinn við fimmtugasta hvern öngul.

Brot gegn 4. og 5. gr. varðar 10 til 30 króna sekt, er fellur  $\frac{1}{2}$  til fátækra sjóðs, en  $\frac{1}{2}$  til uppljóstrarmanns.

## 6. gr.

Nú kemur fiskilóð manns í annars manns skip; skal þá formaður skipsins gjöra eiganda lóðarinnar þegar aðvart um hana, en viti hann eigi, hver eigandinn er, þá lýsi hann lóðinni í veiðistöð sinni eða á næstu bæjum sama dag eða hinn næsta. Spyrjist eigandi eigi uppi, skal formaður tafarlaust senda hreppstjóra tilkynning um óskilalóðina, ásamt glöggri lýsingu á henni, og meðhöndlar hreppstjóri hana að lögum sem fundið fje.

## 7. gr.

Enginn má að nauðsynjalausu hreyfa við annars manns fiskilóð; skeri maður í nauðsyn sundur annars manns lóð, skal hann hnýta saman, svo tryggt sje.

Brot gegn 6. og 7. gr. varðar 20 til 100 króna sekt, og rennur  $\frac{1}{4}$  sektar til fátækra sjóðs,  $\frac{1}{4}$  til eiganda fiskilóðar þeirrar, er brotið er framið á, og  $\frac{1}{2}$  til uppljóstrarmanns.

## 8. gr.

Sektir og andvirði afla, er fátækra sjóði bera, tilfalla fátækra sjóði í þeim hreppi, sem sá, er brýtur, rær frá.

## 9. gr.

Í hreppum þeim, sem samþykkt þessi nær yfir, skipar sýslumaður tilsjónarmenn svo marga, sem þörf er á, til að gæta þess, að eigi sje brotið á móti samþykkt þessari, en í Reykjavík skipar bæjarfógetinn sömuleiðis hæfilega marga tilsjónarmenn.

## 10.

Með samþykkt þessari er II. samþykkt um brúkun ýsulóðar í sunnanverðum Faxaflóa, dagsett 8. desember 1890, úr gildi numin.

\*

\*

\*

Samþykkt þessi, sem almennur hjeradsfundur hefir fallizt á samkvæmt 4. gr. fyrnefndra laga, 14. des. 1877, er hjer með staðfest af undirskrifuðum amtmanni til að öðlast gildi 15. marzm. 1897, og kunngjörist öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Íslands Suðuramt, Reykjavík, 17. dag febrúarm. 1897.

*J. Havsteen.*